


SKÚRSLA STJÓRNAR

fyrir árið 2013



Blátt  áfram



Efnisyfirlit

Um Blátt áfram	4
Erindi stjórnarformanns	4
Rekstraryfirlit	5
Fjároflun	6
Landssöfnun – Vertu upplýstur	6
Styrkir	6
Reykjavíkurmarathon	6
Átaksverkefni	6
Fræðsla	7
Fræðsla til fullorðinna – Verndrar barna	7
Fyrirlestrar	7
Námskeið	7
Fræðsla fyrir leik- og grunnskólabörn	8
Teiknimynd - Leyndarmálið – segjum nei, segjum frá!	8
Brúðuleikhús – Krakkarnir í hverfinu	8
Lífsleikni	8
Facebook	8
Samráð og samstarf	9
Ráðstefna félagsins	9
Samstarf við Hafnarfjarðabæ	9
Verndrar barna - Leiðbeinendur	10
Bella net – lífsleiknifræðsla	10
Erlent samstarf	10
Rannsóknir sem sem tengjast Blátt áfram	11
Hinn launhelgi glæpur. Kynferðisbrot gegn börnum – Svala Ísfeld Ólafsdóttir	11
Að bera kennsl á kynferðisofbeldi hjá börnum á leikskólaaldri – Vigdís Guðmundsdóttir	11
Kynferðisofbeldi í íþróttum. Siðareglur og fræðsla – Hafdís Inga Hinrikssdóttir	11
Verndrar barna. Mat á forvarnarverkefni gegn kynferðislegu ofbeldi á börnum – Dagbjört Rún Guðmundsdóttir	11
Stuðningur við félagið	12
Stjórn og starfsfólk	12

Um Blátt áfram

Blátt áfram heldur uppi forvarnar- og fræðslustarfi gegn kynferðisofbeldi á börnum á Íslandi.

Fræðslan til fullorðinna hefur undanfarin ár farið fram að mestu í leik- og grunnskólum landsins. Starfsfólk stofnanna hefur einnig óskað eftir fræðslu fyrir börn og unglings.

Níu ár eru frá stofnun Blátt áfram. Síðan 1. mars 2006 hafa samtökin verið rekin sem sjálfstætt starfandi samtök.

Blátt áfram eru grasrótarsamtök sem hafa að markmiði að fræða fullorðna um kynferðislegt ofbeldi gegn börnum og hvernig megi fyrirbyggja það. Hluti starfsins felst í að upplýsa fullorðna um mikilvægi þess að börn læri að þekkja líkama sinn og hvar eðlilegt sé að þau dragi mörk í samskiptum við annað fólk. Ennfremur hafa samtökin verið óbeinn aðili að rannsóknarstarfi og sinnt fræðslu fyrir börn og unglings.

Áherslur félagsins hafa breyst lítillega þar sem fleiri aðilar koma nú að fræðslu barna og unglings. Aðilar frá öðrum þjóðum eru að leita til félagsins eftir upplýsingum og fá ráðleggingar um hvernig best sé staðið að forvörnum.

Við finnum enn fyrir því að fjárlöfun er erfiðari en fyrrí ár og færri styrkir fengust frá ríkinu. Árleg landssöfnun félagsins er nú orðin hornsteinn að því að rekstur félagsins beri sig.

Erindi stjórnarformanns



Á árinu 2013 fengu fleiri fullorðnir fræðslu á vegum félagsins um land allt. Fleiri bæjarfélög og félagsamtók leituðu rāðgjafar um gerð síðareglina og fræðslu fyrir sitt starfsfólk. Þar sem fleiri aðilar koma nú að annarstigs forvörnum gegn kynferðisofbeldi, fræðslu til barna og unglings, hafa áherslur félagsins breyst og við leggjum enn meira upp úr því að fræða fullorðna. Félagið fékk styrk frá

Valitor sem var notaður til að bjóða uppá námskeiðið Verndrarar barna um allt land.

Félagið lét uppfæra 7 skrefa bæklinginn, til verndar börnum og var hann sendur inn á öll heimili á landinu. Er lendar rannsóknir sýna að þegar fólk hefur fengið bækling í hendurnar eða séð auglýsingu um forvarnir gegn kynferðislegu ofbeldi þá gerir það eitthvað í málínu (d2I. org).

Reglulega kom upp umræða um brot gegn barni á árinu í fjölmöldum og var árið 2013 ekki frábrugðið fyrri árum. Umræðan er mikilvæg til að opna augu samfélagsins fyrir því hversu margir verða fyrir kynferðisofbeldi á Íslandi. Þegar slík umræða á sér stað fær félagið fleiri fyrirspurnir um rāð og leiðir til að hjálpa börnum sem hafa orðið fyrir slíku ofbeldi. Forvarnir snúast um að koma í veg fyrir kynferðisofbeldi áður en það gerist, áður en brotið sé á barni. Ég held við séum

öll sammála um að kynferðisofbeldi sé glæpur og við viljum ekki að það líðist í okkar samfélagi. Þess vegna brýnum við fyrir fólk að fá fræðslu og rāð um hvernig er hægt að fyrirbyggja ofbeldi áður en það gerist.

Félagið hefur sýnt fram á mikilvægi sitt íslensku samfélagi, verið þrýstiafl sem er nauðsynlegt til að halda umræðunni opinni og hefur hvatt fólk til að endurskoða samskipti sín og annarra. Einnig höfum við beitt okkur fyrir endurskoðun reglna stofnana og félaga sem starfa með börnum og ungu fólk. Landssöfnun félagsins hefur sýnt okkur að landsmenn eru öflugir stuðningsmenn okkar og án þeirra framlags væri örðugt að halda úti jafn öflugu starfi.

Fyrir hönd Blátt áfram þakka ég fyrir okkur. Stuðningurinn hefur skilar sér aftur út í samfélagið með meðvitaðri einstaklingum sem vernda börnin okkar.

Sigríður Björnsdóttir

Lykiltölur úr ársreikningi

1. Upplýsingar um samtökin

Blátt áfram, forvarnarverkefni eru sjálfstætt starfandi samtök með starfsstöð að Fákafeni 9, Reykjavík. Samtökin greiða ekki tekjuskatt þar sem verkefnið fellur undir undanþáguákvæði 4. tl. 4. gr. Laga um tekjuskatt nr. 90/2003.

Árin 2007-2010 höfðu samtökin fengið afnot af húsnæði, húsmunum og bíl frá velgjörðamanni samtakanna. Það var einstakt framlag sem lauk á árinu 2011.

Á miðju ári 2011 fluttu samtökin í leiguþúsnæði að Fákafeni 9 í Reykjavík.

2. Rekstrarreikningur

	2013	2012	2011	2010	2009
<i>Fjárhæðir í þúsundum króna</i>					
Tekjur					
Styrkir og aðrar tekjur	3.549	8.936	6.203	6.765	14.091
Landssöfnun	12.210	16.048	9.077	8.620	2.827
Gjöld					
Laun og launatengd gjöld	7.214	6.682	9.328	7.208	5.629
Húsnæðiskostnaður	1.496	1.419	846	0	0
Vitundarvakning, auglýsingar og rāðstefna	2.660	1.645	5.232	415	1.595
Annar kostnaður	9.282	3.936	4.679	4.823	4.025
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld	229	(23)	101	248	265
Rekstrrafkoma	(4.664)	11.280	(4.704)	3.186	5.934

3. Efnahagsreikningur í árslok

	2013	2012	2011	2010	2009
<i>Fjárhæðir í þúsundum króna</i>					
Eignir					
Eignir	13.194	16.472	8.121	11.301	8.160
Skuldir	1.703	317	3.246	1.723	1.768
Eigð fé	11.491	16.155	4.875	9.578	6.393

Umsjón með bókhaldi félagsins hefur Ellen Blomsterberg og endurskoðandi er María Sólbergsdóttir.

Fjárlögn

Landssöfnun - Vertu upplýstur

Fjórða árlega landssöfnun samtakana var haldin fyrstu helgina í maí. Ungt íþróttafólk seldi lyklakippu undir kjörorðunum Vertu upplýstur og safnaði fjármagni fyrir félagið og sölulaunum í ferðasjóði sína.

Styrkir

Styrkir í ár komu meðal annars frá Velferðarráðuneytinu, Hafnarfjarðarbæ, Vís, Íslandspósti, Actavis, CCP, Sambandi Íslenskra sveitarfélaga, Valitor, Body shop, Rebekkustúka nr. 4, Sigríður, I.O.O.F.

Fjöldi einstaklinga styður einnig við félagið með mánaðarlegum framlögum.



Reykjavíkurmarathon

Fjöldi einstaklinga sem hljóp fyrir félagið jókst og söfnuðust tæplega sjöhundruð þúsund fyrir félagið.

Hvatningalið blátt áfram að hvetja sína hlaupara í Reykjavíkurmarathoninu. Einn hlaupari stoppaði til að vera með á mynd.

Átaksverkefni

Árlegri auglýsingaherferð var beint að foreldrum sérstaklega undir heitinu „Verum upplýst – Verndum börnin okkar“. Fullorðnir bera ábyrgð á börnum sínum og hafa samtökini lagt mest upp úr því að fræða þá.



Tveir ungir sölumenn að selja ljósið

Fræðsla

7 skrefa bæklingur til verndar börnum

Bæklingur félagsins var uppfærður og sendur á öll heimili á landinu, rúmlega 120 þúsund. Actavis, Ísafoldarprentsmiðja og Íslandspóstur styrktu verkefnið.



Bæklingurinn.

Fræðsla

Á árinu 2013 hlutu tæplega 2.800 manns fræðslu á vegum Blátt áfram.

540 ungligar fengu lífsleiknifræðslu.

1117 fullorðnir gerðust Verndarar barna.

1150 fullorðnir einstaklingar hlustuðu á fyrirlestur um hvernig er hægt að fyrirbyggja kynferðislegt ofbeldi.

Fræðsla félagsins til fullorðinna hefur aukist á milli ára. Skólar eru nú að fá fría fræðslu frá öðrum en Blátt áfram til barnanna í 2. og 3. bekk og á ungingastigi.

Fræðsla til fullorðinna – Verndarar barna

Fullorðnir bera ábyrgð á börnum og hafa samtökin því lagt mest upp úr því að fræða þá. Fræðslan fer fram í leik- og grunnskólum í formi fyrirlestra og námskeiðs sem nefnist Verndarar barna.

Fyrirlestrar

Fyrirlesturinn er kynning og fræðsla um tíðni kynferðislegs ofbeldis en samkvæmt íslenskri rannsókn sem gerð var árið 2000-2001 með slembiúrtaki úr þjóðskrá verða um 17% barna fyrir kynferðislegu ofbeldi fyrir 18 ára aldur.¹ Í



Áhugasamir foreldrar í Reykjanesbæ á fyrirlestri.

fyrirlestrinum er varpað fram hugmyndum að leiðum til að efla samskipti foreldra og barna um viðkvæma og jafnvæl vandræðalega hluti. Mörgum finnst erfitt að ræða um kynlíf og kynhegðun og forðast það í lengstu lög. Umræða um forvarnir við forelda er bæði mikilvæg og nauðsynleg. Hún auðveldar þeim að ræða opinskátt við börnin um líkama þeirra, hvar eðlilegt sé að draga mörkin og hvaða hlutar líkamans eru „einkastaðir“ hvers og eins.

Samkvæmt fræðsluefni Blátt áfram, 7 skref til verndar börnum, kemur fram að yfir 80% kynferðislegrar misnotkunar á sér stað þar sem aðeins er staddur einn fullorðinn og eitt barn. Eins kemur þar fram að um 30% foreldra hafa minnst á eða rætt um kynferðislegt ofbeldi við börn sín.

Blátt áfram fær fleiri óskir um fræðslu fyrir starfsfólk leik- og grunnskóla en fyrir foreldra. Margir foreldrar telja sig ekki þurfa fræðslu af þessu tagi því þeir eru vissir um að svona nokkuð geti ekki hent barnið þeirra. Kennrar og starfsfólk skóla eru líklegri til að fá til sín barn sem leitar til skólahjúkrunarkonu eða námsráðgjafa með slík mál. Því er mikilvægt að allt starfsfólk sé vel upplýst og meðvitað um þá ábyrgð sem felst í að hlusta á barn, hlúa að því og leita síðan hjálpar fyrir það.

Námskeið

Árið 2006 kom Blátt áfram á fót námskeiði sem nefnist Verndarar barna fyrir kennara og starfsfólk leik- og grunnskóla. Efnið kemur frá grasrótaarsamtökunum „Darkness 2 light“ í Bandaríkjunum. Námskeiðið er gagnvirk og felst í þjálfun í að horfast í augu við vandann, vera á varðbergi og bregðast við vanlіðan barns. Samkvæmt upplýsingum frá

forstöðumanni Barnaverndarstofu hefur tilkynningum frá grunnskólamensum um vanrækslu, ofbeldi og illa meðferð á börnum fjölgæð í kjölfar þess að námskeiðið fór af stað, sem aftur verður til þess að börnum er veitt aðstoð. Þá hafa kennarar sem hafa sótt námskeiðið sagt frá samkennurum sem þeir telja nota varhugaverðar aðferðir í kennslu og umgengni við nemendur. Erlendar rannsóknir hafa verið gerðar á efninu og íslenskar rannsóknir styðja við niðurstöður þeirra.

Fræðsla fyrir leik- og grunnskólabörn

Prátt fyrir að fullorðnir beri ábyrgð á að koma í veg fyrir kynferðisofbeldi telja samtökum Blátt áfram einnig mikilvægt að fræða börn og ungmenni í gegnum skólastarfíð. Fræðslan er ávallt sniðin að þeim aldurshópi sem hún beinist að hverju sinni. Skólar sem hafa fengið fræðslu fyrir starfsfólk sitt, kalla eftir fræðslu fyrir börn og ungmenni.

Teiknimynd - Leyndarmálið – segjum nei, segjum frá!

Teiknimyndin Leyndarmálið – segjum nei, segjum frá! er fyrsta verkefni samtakanna Réttindi barna. Verkefnið hefur frá byrjun hlotið jákvæð viðbrögð frá fagaðilum, yfirvöldum, skólastjórum, foreldrum og almenningi. Verkefnið er fjármagnað með styrkjum og hafa ótalmargir gefið vinnu sína í þágu málnefnisins. Leyndarmálið hefur verið tekin til sýninga fyrir öll börn í 3. bekk grunnskóla.

Verkefnið nálgast forvarnarfræðslu um kynferðislega misnotkun gegn börnum á nýjan hátt. Teiknimyndin, ásamt stuðningsefni sem henni fylgir, var send í alla skóla landsins vorið 2011, þeim að kostnaðarlausu. Blátt áfram sá um gerð fræðsluefnis fyrir kennara og hýsir teiknimyndina

á vefsíðu félagsins. Könnun var send til skólanna eftir sýninguna og voru kennarar mjög ánægðir og töldu sig hafa betra verkfæri til að fræða börn og aðstoða þau betur ef ofbeldistilfelli kæmu upp.

Lífsleikni

Samtökum Blátt áfram bjóða upp á sérstaka fræðslu í lífsleikni fyrir unglingsi 17.-10. bekk. Margir þeirra hafa lent í erfiðleikum og/eða aðstæðum sem þeir vita ekki hvernig þeir eiga að bregðast við eða hvar hjálp er að finna. Fleiri grunnskólar fá lífsleiknifræðslu árlega fyrir unglingsastig. Um 10% einstaklinga leita sér aðstoðar í kjölfarið fræðslunnar.

Í þessum tímum er rætt við unglingana um líkama þeirra, samskipti við aðra og þau mörk sem þau mega setja, neyslu og nauðgun. Rætt er um samfélagið vitt og breitt og hvað beri að varast. Þau fá fræðslu um falið ofbeldi, eins þegar einhver nuddar sér upp við mann og segir það hafa verið óvart, óvænta snertingu eða snertingu sem hefst með kitil eða klóri á baki og þess háttar. Nauðsynlegt er að segja ungmennum frá hættunni á að einhver gæti reynt að fá þau til að gera eitthvað sem þeim finnst óþægilegt, reynt að tæla þau með gjöfum, svo sem peningum eða hrósi, einhver horfi óþægilega á þau, snerti þau eða biðji þau að snerta sig. Þá er þeim bent á þeir sem beita slíku ofbeldi komi oftast úr þeirra nánasta umhverfi, séu jafnvel einhverjir sem þau þekkja vel. Þá er hnykkt að ofbeldið sé aldrei þeim að kenna. Meðalaldur geranda er um 27 ár og því oft og tíðum um mikinn mun á þroska og lífsreyntslu að ræða milli gerenda og þolenda². Rætt er um að kynferðislegt ofbeldi geti átt sér stað milli systkina eða unglingsa á svipuðu reki. Talið er að það sé fimm sinnum líklegra að kynferðislegt ofbeldi eigi sér stað á milli systkina en af hálfu föður³.

Facebook

Mikil aukning er á notkun og fylgni einstaklinga á Facebook-síðu félagsins. Um 16.700 manns eru að fylgjast með fræðslu og ráðum til foreldra þar.

Félagið heldur utan um foreldraráðgjöf á SPYR.IS þar sem birtir eru reglulega pistlar eftir Sigríði Björnsdóttir um forvarnir.

Blátt áfram ábending - Nr. 3

EKKI TAKA UPP OFSÓKNARÆÐI GEGN BARNANÍÐINGUM. Við erum ekki að mæla með að þú lifir í stöðugum ótta. Lærðu hver eru merkin og mynstur þeirra sem vilja nálgast börn til þess að brjóta á þeim. Legðu áherslu á hegðunina, ekki manneskjuna, þannig ert þú hlutlaus og ert ekki blindaður/uð af blekkingum þeirra.

Takk fyrir að fræða sjálfan þig og þína nánustu um forvarnir gegn kynferðislegt ofbeldi. Með því tryggirðu ekki aðeins öryggí barnanna þinna heldur fjölmargra í umhverfi þínu.

BLÁTT ÁFRAMI!

Samráð og samstarf

Ráðstefna félagsins

Blátt áfram og Rannsóknastofnun í barna- og fjölskylduvernd (RBF) stóðu fyrir ráðstefnu í samstarfi við Jafnréttisstofu um forvarnir gegn kynferðislegu ofbeldi. Innlendir og erlendir fyrirlesarar héldu erindi um mikilvægi forvarna. Professor Celia Brackenridge hélt erindi um forvarnir í íþróttastarfi. Þar kom meðal annars fram að íþróttir eru þverskurður af þjóðfélaginu. Það sem fyrir finnst i þjóðfélaginu finnst þar líka og það má ekki horfa framhjá því.

Ráðstefnan var fjármögnuð af styrk frá rokkhljómsveitinni Skálmöld.

Rás 2 og Skálmöld stóðu fyrir uppboði á einstökum Fender-gítar. Skálmöld notaðist við gítarinn við upptökur á nýjustu breiðskífu sinni, Börn Loka, ásamt því að spila á hann á tónleikaferðalagi sínu um Evrópu í sumar. Gítarinn er sérstaklega skreyttur af listakonunni Ýri Baldursdóttur. Söfnuðust 500 þúsund krónur.



Elisabet Karlsdóttir framkvæmdarstjóri Rannsóknarstofnunar í barna og fjölskylduvernd, Signiður Björnsdóttir, Celia Brackenridge, Bragi Guðbrandsdóttir, Dr. Sigrún Júlíusdóttir og Svava Brooks.

Blátt áfram og Hafnarfjarðarbær standa saman að námskeiðinu Verndrar barna, fyrir starfsmenn Hafnarfjarðarbæjar sem starfa með börnum og unglungum.

Rannveig Einarsdóttir Sviðsstjóri fjölskylduþjónustunnar í Hafnarfirði og Sigríður Björnsdóttir formaður Blátt áfram undirrituðu nýjan samstarfssaming á milli Blátt áfram og Hafnarfjarðar.



Rannveig Einarsdóttir og Sigríður Björnsdóttir undirrita nýjan samning.

Blátt áfram og Hafnarfjarðarbær standa saman að námskeiðinu Verndrar barna, fyrir starfsmenn Hafnarfjarðar-

bæjar sem starfa með börnum og unglungum. Einnig er staðið að fræðslunámskeiði þar sem fjallað er um forvarnir gegn kynferðislegu ofbeldi gegn börnum fyrir ófaglært starfsfólk. Markmið námskeiðanna er að gera starfsmenn bæjarins hæfari í að greina einkenni kynferðislegs ofbeldis hjá börnum og hæfari í að vinna að forvörnum gegn kynferðislegu ofbeldi á börnum og unglungum.

Fjölskylduþjónustan í Hafnarfirði mun leggja til félagsráðgjafana til að kenna á námskeiðunum fyrir starfsmenn Hafnarfjarðarbæjar. Allir sem kenna á námskeiðum eru með réttindi til að kenna á námskeiðunum frá Blátt áfram.

Fulltrúi Blátt áfram, fulltrúi fræðsluskrifstofu og fulltrúar Fjölskylduþjónustunnar hittast minnst einu sinni á ári og meta hvernig fræðslan gengur og meta stöðu verkefnisins.

Þetta samstarfsverkefni hefur staðið í fjögur ár og hafa nú þegar um 700 starfsmenn af 1000 setið námskeiðið.

Íþróttafélög fá fræðslu þjálfara og starfsfólk

Árlega sitja þjálfarar HK Verndrar barna námskeið og á þessum vetrí bættist karatefélug Hauka í hópinn og þjálfarar hjá Val.

Verndarar barna - Leiðbeinendur

Fleiri aðilar bættust í hóp leiðbeinenda Verndara barna, á árinu voru þjálfarðir samtals 17 leiðbeinendur viðs vegar af landinu; Grindavík, Akureyri, Húsavík, Hafnarfirði og Mosfellsbæ.

Hér til hliðar eru leiðbeinendur Verndara barna.



Bella net – lífsleiknifræðsla

Blátt áfram heldur einnig utan um leiðbeinenda-námskeið fyrir unglingsfræðslu Bella net. Það er sænskt efni ætlað unglingsstúlkum. Forvarnir gegn áfengi og vímuefnanotkun. Hópur af starfsfólk 1 Hólmaseli gerðust leiðbeinendur.

Hér til hliðar eru myndir af leiðbeinendum í Hólmaseli.



Erlent samstarf

Blátt áfram tók þátt í Nordan ráðstefnu í Tallin fyrir hönd KSAN, sem eru regnhlifasamtök um forvarnir gegn áfengis og vímuefnanotkun kvenna á öllum aldri.



Erlendir aðilar heimsækja félagið árlega til að kynnast starfinu og fá ráðgjöf um mikilvægi forvara. Frjáls félagasamtök frá Ungverjalandi, Litháen, Færejum og Úganda heimsóttu félagið á árinu.

Hér er mynd af gestunum frá Ungverjalandi og Litháen.

Rannsóknir sem tengjast Blátt áfram

Bókin *Hinn launhelgi glæpur. Kynferðisbrot gegn börnum* kom út árið 2011 og er ómetanlegt framlag til rannsókna á kynferðisbrotum gegn börnum. Á undanförnum árum hafa einnig verið skrifuð nokkur lokaverkefni á háskólastigi sem tengjast Blátt áfram og starfi þess á einn eða annan hátt og hér verður gerð grein fyrir þeimur þeirra.

Hinn launhelgi glæpur. Kynferðisbrot gegn börnum – Svala Ísfeld Ólafsdóttir

Bókin *Hinn launhelgi glæpur. Kynferðisbrot gegn börnum*⁴ kom út árið 2012. Fjöldi höfunda kemur að ritun bókarinnar en ritstjóri og meðhofundur er Svala Ísfeld Ólafsdóttir, dósent í refsíretti og afbrotafræði við lagadeild Háskólangs í Reykjavík. Í bókinni er kafli eftir Sigríði Björnsdóttur framkvæmdastjóra Blátt áfram um forvarnir.

Að bera kennsl á kynferðisofbeldi hjá börnum á leikskólaaldr – Vigdís Guðmundsdóttir

Árið 2010 gerði Vigdís Guðmundsdóttir rannsókn sem hún nefndi *Að bera kennsl á kynferðisofbeldi hjá börnum á leikskólaaldr*.⁵ Hvernig taka leikskólastjórar á mállefnið starfi? Þar fjallar hún um möguleg áhrif fræðslu og upplýsinga á viðbrögð starfsfólks. Hún kannaði viðbrögð fjögurra leikskólastjóra eftir að grunur vaknaði um að börn á leikskólunum hefðu verið þolendur kynferðislegs ofbeldis. Kannað var hvort lífsgildi og stjórnunarstíll hefðu áhrif á hvernig þeir brugðust við. Jafnframt var kannað hvort munur væri á þekkingu starfsfólks eftir því hvort leikskólanir gáfu sig út fyrir sérþekkingu á mállefnið eða ekki. Leikskólastjórnir fjórir höfðu rúmlega 20 ára starfsreynslu og hjá þeim störfuðu 85 starfsmenn.

Helstu niðurstöður sýndu að leikskólastjórnir höfðu skýrar reglur um hvernig bregðast ætti við grun um kynferðislegt ofbeldi og töldu að þeir bæru ábyrgð á að gera eitthvað í málinu. Þeir lögðu ríka áherslu á að nýta reynslu starfsfólks-ins og dreifa ábyrgðinni eftir því sem við ætti. Niðurstöður sýndu að marktækur munur var á þekkingu starfsfólks á kynferðisofbeldi gegn börnum eftir því hvort leikskólanir gáfu sig út fyrir að hafa sérþekkingu á mállefnið eða ekki. Þáttakendur höfðu almennt grunnþekkingu á skyldum sínum og alvarleika vandans en þekkingarmunurinn var mikill eftir því hvort starfsfólk hafði fengið sérstaka fræðslu um efnið. Þar er átt við fræðslu sem Blátt áfram býður upp á, þ.e. námskeiðið Verndarár barna.⁶

Kynferðisofbeldi í íþróttum. Siðareglur og fræðsla – Hafdís Inga Hinrikssdóttir

Hafdís Inga Hinrikssdóttir fjallaði í BA-ritgerð sinni í félagsráðgjöf, sem hún lauk vorið 2012, um siða- og verklagsreglur innan íþróttafélaganna: *Kynferðisofbeldi í íþróttum. Siðareglur og fræðsla*⁷.

Rannsóknin fjallar um kynferðisofbeldi gegn börnum í íþróttum. Markmið rannsóknarinnar er að skoða hvort handknattleiksdeildir FH og Hauka hafi siðareglur eða verklagsreglur er varða forvarnir gegn kynferðisofbeldi á börnum og hvort að félögin starfi eftir þeim. Fjallað er um rétt barna þar sem Bretland, Danmörk og Svíþjóð eru sérstaklega skoðuð með samanburð í huga. Þá er farið í gegnum ábyrgð þjálfara, þá stöðu sem blasir við hér á Íslandi og siðareglur skoðaðar.

Niðurstöður rannsóknarinnar benda til þess að þjálfarar fá ekki fræðslu um forvarnir gegn kynferðisofbeldi á börnum og að þeir þekki ekki til vinnubragða, siðareglina eða verkferla hjá félögum sínum. Auk þessa kemur fram í niðurstöðum að áhuginn fyrir því að fá fræðslu um mállefnið ásamt því að innleiða siðareglur og verklagsreglur er mikill hjá þjálfurunum. Einnig kemur í ljós að íslensk íþróttafélög eru langt á eftir íþróttafélögum í öðrum löndum þegar kemur að verndun barna innan íþróttar.

Verndarár barna. Mat á forvarnarverkefni gegn kynferðislegu ofbeldi á börnum – Dagbjört Rún Guðmundsdóttir

Í lok 2012 kom út mat á námskeiði Blátt áfram, Verndarár barna, en Dagbjört Rún Guðmundsdóttir skrifaði lokaverkefni sitt um það til MA-prófs í félagsráðgjöf.⁸ Verndarár barna er námskeið þar sem fullorðnum er veitt markviss þjálfun í að fyrirbyggja, þekkja og bregðast við kynferðislegri misnotkun.

Markmið rannsóknarinnar var að kanna árangur námskeiðs-ins. Megindlegri rannsóknaraðgerð var beitt til að kanna hvort þekking og viðhorf þáttakenda til kynferðislegrar misnotkunar ásamt forvarnaraðgerðum breytist eftir að hafa setið námskeiðið. Rannsókn þessi er forrannsókn á forvarnarverkefni gegn kynferðislegri misnotkun barna og er hún unnin í samstarfi við Rannsóknarstofnun í Barna- og fjölskylduvernd.

Niðurstöður rannsóknarinnar sýna að þekking og viðhorf þáttakenda á ýmsu er við kemur kynferðislegu ofbeldi eykst og breytist í kjölfar þess að þeir fá þjálfun. Þáttakendur telja einnig líklegt að þeir muni í framtíðinni grípa til fleiri forvarnaraðgerða, til verndar börnum gegn kynferðislegu ofbeldi, en þeir gerðu áður. Álykta má að námskeiðið auki árvekni þeirra sem það sækja og virkni þeirra í að ræða við börn um kynferðislegt ofbeldi.



Stuðningur við félagið

Einstaklingar sem og fyrirtæki hafa lagt félagini lið á árinu. Slíkir styrkir eru hvatning fyrir félagið og styður okkur til að halda ótrauð áfram.

Nokkrar uppákomur voru á árinu til styrktar félagini. Nemar í viðburðarstjórnun við HÍ stóðu fyrir bingói og haldnir voru rokktónleikar á Gamla gauk.

Stjórn og starfsfólk

Stjórn félagsins skipa; Sigríður Björnsdóttir formaður, Svava Björnsdóttir varaformaður, Sigfriður Sigurðardóttir skrifstofustjóri, ritari, Oddur Pétursson verslunareigandi, gjaldkeri og Helga Arnalds brúðuleikhússtýra meðstjörnandi. Varamenn í stjórn eru Gréta Kristjánsdóttir forvarnarfulltrúi Akureyrarbæjar og Elísa Ragnheiður Ingólfssdóttir félagsrāðgjafi, verkefnastjóri PMT og SMT.

Sigríður Björnsdóttir er framkvæmdastjóri samtakana. Svava Björnsdóttir Brooks starfar í hlutastarfi. Guðrún Helga Bjarnadóttir leikskólakennari var ráðin til félagsins í október í hlutastarf. Ennfremur hafa samtökin komið sér upp neti leiðbeinenda sem sinna forvarnarfræðslu á vegum Blátt áfram.

Samtökin Blátt áfram þakka öllum þeim einstaklingum, fyrirtækjum og rāðuneytum sem veittu þeim styrki á árinu. Samtökin Blátt áfram eru rekin með styrkjum og frjálsu framlögum.

Reykjavík, 27. maí 2013.

Stjórn Blátt áfram,

Sigríður Björnsdóttir formaður,

Svava Björnsdóttir varaformaður,

Oddur Pétursson gjaldkeri,

Sigfriður Sigurðardóttir ritari,

Helga Arnalds meðstjörnandi,

Gréta Kristjánsdóttir meðstjörnandi.



Umsagnir um starf Blátt áfram

Umsögn um fyrirlestur á netinu:

Góð, einlæg og fordómalaus fræðsla með leiðbeiningum fyrir mig sem foreldri að vernda barn mitt frá því að verða fyrir kynferðislegu ofbeldi. Ég tel að allir foreldrar ættu að skrá sig á fræðslu hjá Blátt áfram. Ef þú kemst ekki á staðinn þá er tilvalið að gera þetta í gegnum netið. Ég spurði spurninga og fékk svör við öllum áhyggjum mínum sem gefur mér staðfestingu um að ég er að gera rétt í forvörnum. Það sem kom mér sérstaklega á óvart var hvað þetta var sérstaklega afslappað. Hér var verið að kenna hvernig að koma í veg fyrir ofbeldið. Það er skylda okkar að vernda börnin okkar og Blátt áfram hjálpar svo sannarlega til í þeim efnum.

Þráinn Ární

Umsögn um teiknimyndina Leyndarmálið, fræðsla fyrir 3.bekk grunnskóla.

Frá Grunnskóla Húnaþings vestra, Hvammstanga

Það var mikil ánægja með sýninguna á síðasta ári í Grunnskóla Húnaþings vestra. Sýningin þótti bæði skemmtileg og mjög áhugavekjandi, innihald hennar náði beint til krakkanna. Kennarar sáu viðbrögð hjá sumum nemendum og vísuðu til skólahjúkrunarfræðings sem einnig var viðstaddir sýninguna. Þessi sýning styrkir einnig mjög fagvitund kennara á þessum málaflokki og auðveldar þeim að takast á við hann með þétt stuðningsnet eftir sýninguna.

Sigurður Þór Ágústsson
Skólastjóri

Tilvísanir

- 1 Hrefna Ólafsdóttir (2010). Faraldsfræði kynferðislegrar misnotkunar gegn börnum. Í (ritstj.) Svala Ísfeld Ólafsdóttir, Kynferðisofbeldi gegn börnum. Reykjavík: Háskólaútgáfan.
- 2 Darkness 2 light, Verndrarar barna (2006)
- 3 Levine og Kleine (2008), bls. 147.
- 4 Svala Ísfeld Ólafsdóttir, ritstj. 2011. Hinn launhelgi glæpur: Kynferðisbrot gegn börnum. Háskólaútgáfan, Reykjavík.
- 5 Vigdís Guðmundsdóttir. 2010. Að bera kennsl á kynferðisofbeldi hjá börnum á leikskólaaldri: hvernig taka leikskólastjórar á málefni í starfi? Meistaraprófsritgerð til M.Ed.-gráðu við menntavísindasvið Háskóla Íslands. Sjá: <http://skemman.is/handle/1946/5800>.
- 6 Sama heimild, bls. 5.
- 7 Hafdís Inga Hinrikisdóttir. 2012. Kynferðisofbeldi í íþróttum. Siðareglur og fræðsla. Lokaverkefni til BA-gráðu í félagsráðgjöf við félagsvísindasvið Háskóla Íslands. Sjá vefsíðu: http://skemman.is/stream/get/1946/11561/28709/1/Hafd%C3%ADs_Inga.pdf.
- 8 Dagbjört Rún Guðmundsdóttir. 2012. Verndrarar barna. Mat á forvarnarverkefni gegn kynferðislegu ofbeldi á börnum. Lokaverkefni við félagsvísindasvið Háskóla Íslands til MA-gráðu í félagsráðgjöf til starfsréttinda. Sjá vefsíðu: <http://skemman.is/item/view/1946/13545>.



Blátt áfram, forvarnarverkefni

Fákafeni 9 – 108 Reykjavík

Pósthólf 8411 – 128 Reykjavík – Sími 533 2929


www.blattafram.is – blattafram@blattafram.is

Skýrsla stjórnar fyrir árið 2012

Umbrot og prentun: Ísafoldarprentsmiðja

Verum upplýst

- kaupum ljósið!



Ein af hverjum 5 stelpum og einn
af hverjum 10 drengjum verða fyrir
kynferðislegu ofbeldi fyrir 18 ára
aldur.

Herferð Blátt áfram hefst
30. apríl og lýkur 4. maí

Forvarnarsamtökin **Blátt áfram** hvetja til forvarnarfræðslu
fyrir fullorðna í grunnskólum og samfélagini öllu gegn kyn-
ferðisofbeldi á börnum. Starfið hjá forvarnarsamtökunum fer
fram allt árið og fagna þau **10 ára afmæli** á þessu ári.

Það er verkefninu mikilvægt að samfélagið sýni stuðning sinn
í verki því án framlaga væru **Blátt áfram** ekki starfandi. Við
hvetjum landsmenn alla að hjálpa okkur í að upplýsa þjóðina
um gildi forvarna með því að kaupa ljósið.



Ljósið fæst í helstu verslunarkjörnum
um land allt!

Blátt áfram